

HLUTHAFAFUNDUR ICELANDAIR GROUP HF.



Hluthafafundur Icelandair Group hf. verður haldinn mánudaginn 3. apríl 2017 á Icelandair Hotel Reykjavík Natura og hefst kl. 8:30.

DAGSKRÁ:

1. Breyting á samþykktum:
Við 1. másl. greinar 5.1 bætist: „og einn karl og eina konu til vara“. Breytingin taki þegar gildi.
2. Kjör til varastjórnar.

Réttur hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar og kosning

Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins sem lögð verður fram tveimur vikum fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 8:30 mánudaginn 20. mars 2017.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð.

Aðrar upplýsingar

Endanleg dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins viku fyrir fundinn, 27. mars 2017 kl. 8:30.

Hluthöfum er bent á að skv. 1. og 2. mgr. 63. gr. a. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til varastjórnar. Skal framboðstilkynningum skilað til stjórnar í síðasta lagi miðvikudaginn 29. mars 2017 kl. 8:30.

Tilkynnt verður um framkomin framboð eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Reykjavík, 8. mars 2017.
Stjórn Icelandair Group hf.